

Fundur Epsilondeildar haldinn að Hótel Heklu 22. nóvember 2012.

17 félagskonur voru mættar og Sigríður Ragna Sigurðardóttir landsforseti sem heimsótti deildina.

1. **Rósa Marta formaður setti fundinn**, bauð okkur velkomnar og kveikti á kertum vináttu, trúmennsku og hjálpsemi.
2. **Guðrún Sigríks las fundargerð** síðasta fundar fyrir Ingibjörgu Þorleifsdóttur sem komst ekki á fundinn.
3. **Sigríður Ragna landsforseti** ræddi við okkur ýmis mál og byrjaði á að segja okkur frá heimsóknum sínum til deilda. Hún ákvað að koma í heimsókn til okkar m.a. til að skoða Hótel Heklu þar sem við ætlum að halda aðalfundinn í vor. Hún sagði okkur að Linda Blacksmith yrði gestur á aðalfundinum. Hún nefndi að sex íslenskar konur væru í alþjóðlegum nefndum. Japan væri 18. landið sem kæmi inn í samtökin og það væri gaman ef hægt væri að bæta við fleiri löndum þ.e. Evrópulöndum s.s. Írlandi og Skotlandi. Hún sagði að samtökin legðu áherslu á að styrkja konur til náms og hvatti okkur til að skoða styrkjamöguleikana. Sigríður sagði okkur frá leiðtoganámskeiði sem Sigrún Jóhannesdóttir er með og að hægt væri að fá hana til að halda námskeið fyrir deildina. Hún benti okkur á að vera duglegar að skoða heimasíðu samtakanna þar væri krækja sem hétu *Orð til athafna*, sem eru einkunnarorð samtakanna, og þar væri tækifæri til að tjá sig um allt mögulegt. Hún bað okkur að vera duglegar að taka að okkur verkefni fyrir samtökin. Næsta sumar væri Evrópuráðstefnan í Amsterdam, sem væri opin öllum löndum, og hvatti hún okkur til að fara. Við skyldum vera duglegar að koma með hugmyndir að erindum á ráðstefnuna og ef við værum að framleiða eitthvað þá væri upplagt að selja það á ráðstefnunni og vitnaði í því samhengi í New York ráðstefnuna síðastliðið sumar þar sem konur seldu ýmsan varning sem þær höfðu búið til.
4. **Sigfríður Sigurgeirsdóttir var með orð til umhugsunar**. Hún talaði um þakklæti og sagði frá fjölskyldu sem bjó snemma á 20. öld í Laugarvatnshellum sem eru um miðja leið milli Þingvalla og Laugarvatns. Fjölskyldan tengdist manninum hennar. Hún sló botninn í skemmtilegt erindi með því að minna okkur á að þakklæti væri móðir allra dyggða.
5. **Hólmfríður Árnadóttir sagði okkur frá Indlandsferð** – ferð sem hún fór í um Keralahérað á Suður-Indlandi árið 2000. Hún varpaði myndum úr ferðinni upp á vegg til að skreyta frásögn sína með. Í hennar augum er landið margbrotið og hver dagur var einstakur. Stundum fannst henni hún vera stödd í kvikmynd eftir Fellini t.d. að ferðast með leigubíl í fólksmergðinni var ólýsanleg upplifun. Þrátt fyrir bága aðstöðu við að búa til mat var maturinn góður. Börnin voru falleg og virtust vera hamingjusöm í alsleysinu. Út úr hreysum stigu fallegar og tígulegar konur klæddar litríkum sahrí. Við sáum myndir af sjómönnum draga netin sín úr sjó, hús kryddbænda sem virtust þéna vel á kryddinu ef marka mátti stóru og flottu húsin þeirra. Við sáum líka myndir frá matreiðslunámskeiði, hugleiðslu, nuddi, hofi, heilögum fílum og fólki að borða mat með guðsgöflunum sem að sögn Hólmfríðar smakkast miklu betur þannig. Hún heillaðist af Indlandi.
6. **Rósa Marta** greindi frá lausum embættum hjá landstjórninni.
7. **Sigríður Ragna** sagði að við ættum að setja upp dagskrá fyrir aðalfundinn með menntamálanefnd DKG samtakanna sem Kristín Jóhannesdóttir skólastjóri Fellaskóla stýrir.
8. **Elínborg** sýndi okkur bók sem hún fékk frá Hertu. Í bókina eru skráð nöfn systra sem fallnar eru frá og er þeirra minnst á alþjóðavísu með sérstakri athöfn. Nafn Rutar Guðmundsdóttur er í bókinni og ætla hún að færa ættingjum hennar bókina. Hún sagði líka frá því að verið

væri að leggja lokahönd á félagatalið og hún hefði notið aðstoðar Ásborgar við þá vinnu. Félagatalið verður á heimasíðu samtakanna en verður ekki prentað. Hún hvatti konur til að skrá sig inn á heimasíðu DKG og koma á framfæri því sem þær væru að fást við eins og t.d. að segja frá mastersverkefnum. Að lokum hvatti hún okkur til að reyna að fara til Amsterdam því það væri svo skemmtilegt að fara á ráðstefnur og hitta DKG konur úr öðrum deildum og frá öðrum löndum.

9. **Fundi slitið.** Maturinn beið í öðrum sal. Þar var borin fram hreindýrakæfa, grænmetissúpa og heimabakað brauð.

Sigríður Guðnadóttir ritaði fundargerð.